

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 13. maí 2016 í máli nr. S-645/2015:

Ákærvaldið

(Þorbjörg Sveinsdóttir saksóknarfulltrúi)

gegn

Hermanni Eyjólfsyni og

(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)

Sigurði Pálmasyni

(Sigurður Sigurjónsson hrl.)

I

Mál þetta, sem dómtekið var 19. apríl síðastliðinn, var höfðað með ákæru sérstaks saksóknara, útgefinni 26. október 2015, á hendur Hermanni Eyjólfsyni, Reykjavík og Sigurði Pálmasyni, Hafnarfirði, „fyrir brot gegn almennum hegningarlögum:

I.

Á hendur ákærðu Hermanni, framkvæmdastjóra og eiganda breska einkahlutafélagsins Birken Limited, breskt skráningarnúmer 07062883, og eiganda einkahlutafélagsins Árnýjar, kt. 000000-0000, sem átti hlutafélagið Þyrluþjónustuna, síðar einkahlutafélagið B 230 ehf., kt. 000000-0000, að fullu og Sigurði, þáverandi framkvæmdastjóra, prókúruhafa og stjórnarmanni Þyrluþjónustunnar/B 230 ehf., aðallega fyrir umboðssvik með því að hafa í sameiningu á árinu 2009, misnotað aðstöðu sína með því að undirrita skjal, „aircraft bill of sale“, sem fól í sér afsal, dagsett 3. nóvember 2009, en við það varð einkahlutafélagið Birken Ltd. eigandi þyrlu að gerð Bell 230 N230 MG, skráningarnúmer TF-HHS nr. 23022, skráning 1017 í loftferðaskrá, sem áður var í eigu Þyrluþjónustunnar/B 230 ehf. Ákærði Sigurður undirritaði afsalið fyrir hönd Þyrluþjónustunnar/B 230 ehf. og ákærði Hermann undirritaði afsalið fyrir hönd

Birken Ltd. Við afsalið greiddi Birken Ltd. ekkert fyrir þyrluna en ákærðu sömdu um að Þyrluþjónustan/B230 ehf. lánaði Birken Ltd. að fullu fyrir kaupverðinu.

Undirrituðu ákærðu Sigurður, fyrir hönd Þyrluþjónustunnar/B 230 ehf., og Hermann, fyrir hönd Birken Ltd., einnig samning, dagsettan 3. nóvember 2009, um að Þyrluþjónustan/B230 ehf. myndi leigja þyrluna sem félagið hafði afsalað til Birken Ltd. þann sama dag. Leigutíminn var til 12 mánaða og voru leigugreiðslur 30.000 USD á mánuði. Þrátt fyrir að leigusamningurinn væri aðeins tímabundinn til 12 mánaða greiddi Þyrluþjónustan/B 230 ehf. leigugreiðslur vegna vélarinnar allt fram til ágúst 2011. Voru leigugreiðslurnar gjaldfærðar í rekstri Þyrluþjónustunnar/B230 ehf. og færðar til lækkunar á skuld Birken Ltd. við Þyrluþjónustuna/B230 ehf.

Á þeim tíma sem ákærðu skuldbundu Þyrluþjónustuna hf./B230 ehf. til að leigja þyrluna til 12 mánaða hafði þyrlan ekki heimild til loftferða vegna ákvörðunar Flugmálastjórnar Íslands um afturköllun á samþykkis til Flugvélaverkstæðis Reykjavíkur ehf. til að sinna viðhaldi á þyrlunni. Ákvörðun Flugmálastjórnar Íslands var felld úr gildi í maí 2011 en þyrlan var afskráð hér á landi í mars 2011. Nýttist þyrlan því ekki í rekstri Þyrluþjónustunnar hf./B230 þá 22 mánuði sem félagið leigði þyrluna af Birken Ltd. og því enginn rekstrarlegur grundvöllur fyrir félagið að leigja þyrluna.

Með þessu var skuld Birken Ltd. við Þyrluþjónustuna/B230 ehf. vegna kaupa á þyrlunni skuldajafnað við leigugreiðslur sem ákærðu sömdu um að Þyrluþjónustan/B230 ehf. skyldi inna af hendi, ef frá eru taldar 11.888.078 kr. sem eru eftirstöðvar skuldarinnar samkvæmt bókhaldi Þyrluþjónustunnar/B230 ehf, ásamt áföllnum vöxtum. Af þessu leiddi að Birken Ltd. innti ekki af hendi neina greiðslu vegna kaupanna og greiddi ekkert af láninu sem félagið fékk til greiðslu kaupverðsins. Við þetta varð einkahlutafélagið Birken Ltd. eigandi þyrlunnar, sem áður var í eigu Þyrluþjónustunnar/B 230 ehf., án þess að nokkurt endurgjald kæmi fyrir.

Til vara á hendur ákærðu Hermanni og Sigurði fyrir skilasvik með því að skerða rétt lánardrottna til að öðlast fullnægju af eignum Þyrluþjónustunnar/B230 ehf. með undanskoti eignar með framangreindum hætti.

II.

Teljast brot ákærðu Hermanns og Sigurðar aðallega varða við 249. gr. en til vara við 4. tölul. 1. mgr. 250. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

III.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Ákærðu neita sök og krefjast sýknu. Þeir krefjast þess að sakarkostnaður, þar með talin málsvarnarlaun, verði greiddur úr ríkissjóði.

II

Fyrir dómi hafa ákærðu borið að í ákæru sé rétt lýst eignarhaldi og framkvæmdastjórn á þeim hlutafélögum sem þar er getið. Samkvæmt því var ákærði Hermann eigandi og framkvæmdastjóri Birken Ltd. og eigandi Árnýjar ehf. sem átti íslenska einkahlutafélagið Þyrluþjónustuna ehf. er síðar fékk nafnið B 230 ehf. Ákærði Sigurður var framkvæmdastjóri þeirra, auk þess að vera stjórnarmaður og prókúruhafi. Þá hafa ákærðu og borið að í ákærunni sé rétt lýst samningi um sölu þyrlunnar, sem í ákæru greinir, til Birken Ltd. Eins og fram kemur í ákæru fékk Birken Ltd. kaupverðið að fullu að láni og leigði seljanda þyrluna eins og rakið er í ákæru. Undirrituðu ákærðu gögn varðandi sölu og leigu.

Þá er og komið fram í málinu að í desember 2008 svipti Flugmálastjórn Þyrluþjónustuna ehf. flugrekstrarleyfi fyrir þyrluna. Ákvörðun Flugmálastjórnar var felld úr gildi í maí 2011.

III

Í ákærunni er lýst eignarhaldi á einkahlutafélögum og viðskiptum þeirra með þyrlu. Ákærði Hermann staðfesti við aðalmeðferð að þar væri rétt frá greint og eins kvaðst hann hafa undirritað leigusamning um þyrluna fyrir hönd Birken Ltd. Þá kvað hann einnig að í ákæru væri rétt greint frá efndum leigusamningsins og eins hömlum sem á rekstri þyrlunnar voru vegna ákvörðunar Flugmálastjórnar.

Ákærði kvað gerninga þessa hafa verið eðlilega á þessum tíma og hefðu þeir miðað að því að koma rekstri Þyrluþjónustunnar ehf. í lag. Hann kvað félagið hafa átt tvær þyrlur á þessum tíma og hefði Birken Ltd. verið stofnað til að kaupa þær. Önnur þyrlan hefði verið seld úr landi en Birken Ltd. hefði keypt hina eins og rakið var. Markmiðið hafi verið að endurskipuleggja rekstur Þyrluþjónustunnar ehf. og gera upp við banka á eðlilegan hátt.

Ákærði kvaðst hafa verið varamaður í stjórn Þyrluþjónustunnar ehf. á árinu 2005 og komið aftur að félaginu á árunum 2008 til 2009 en þó ekki komið að rekstrinum, hann hafi aðeins komið að einstökum málum ásamt meðákærða Sigurði.

Ákærði kvað tilgang sinn með Birken Ltd. hafa verið að eignast framangreindar þyrlur. Hann hafi þannig tekið ákvörðun fyrir hönd þess félags um

að kaupa þyrluna, sem getur í ákæru, en meðákærði og stjórn Þyrluþjónustunnar ehf. hafi tekið ákvörðunina um að selja hana. Hann kvaðst á þessum tíma hafa átt Þyrluþjónustuna ehf. í gegnum Árnýju ehf. en hann hefði ekki komið að ákvörðun um sölu á þyrlunni. Ákærði kvað kaupverð þyrlunnar hafa verið ákveðið eftir að málin hefðu verið könnuð á mörkuðum. Þá kvað hann þyrluna hafa verið leigða Þyrluþjónustunni ehf. sama dag og hún var seld. Tilgangurinn með leigunni hafi verið sá að hægt væri að reka þyrluna á þeim leyfum sem Þyrluþjónustan ehf. var með, það er leyfi til að reka farþegavél. Upphaflega hefði þessi ráðstöfun verið hugsuð til bráðabirgða meðan verið væri að koma þyrlunni í verkefni. Niðurstaðan hefði hins vegar orðið sú að þyrlan hefði ekki nýst í rekstri Þyrluþjónustunnar ehf. Ástæðan var sú að Flugmálastjórn hefði í raun kyrrsett þyrluna. Þess vegna hefði ekki verið hægt að nota hana, hvorki hér á landi né á Grænlandi þar sem hægt hefði verið að útvega verkefni. Þessar aðgerðir Flugmálastjórnar hefðu verið ólögmetar og hefðu félögin átt von á því að þeim yrði aflétt. Þá hefði verið hægt að nota þyrluna og þar með afla tekna. Ákærði kvað aðgerðir Flugmálastjórnar hafa verið einu ástæðu þess að þyrlan nýttist ekki eins og ætlað var. Hann kvaðst hafa borið aðgerðirnar undir evrópsku flugmálastjórnina og hefði hún ekki verið sammála þeim. Þá kvað hann það venju að leigja flugvélar í 12 mánuði í senn og tengdist það flugrekstrar skírteininum og þeim leyfum sem rekstraraðili hefur. Hann kvað Þyrluþjónustuna ehf. ekki hafa verið í stakk búna til að fylgja rekstri þyrlunnar eftir hefði hún komist í rekstur og þess vegna hefði verið nauðsynlegt að selja hana. Ákærði kannaðist við að Þyrluþjónustan ehf. hefði aldrei fengið greiðslu fyrir þyrluna. Hann kvað leigusamninginn hafa verið framlengdan um tólf mánuði eftir að fyrri samningur rann út.

Ákærði Sigurður bar á sama hátt og meðákærði Hermann um staðhæfingar í ákæru um eignarhald að félögum og viðskipti sem þar er lýst. Ákærði kvaðst hafa verið framkvæmdastjóri Þyrluþjónustunnar ehf. frá árinu 2006 til 2012. Hann kvaðst einnig hafa verið stjórnarmaður og prókúruhafi. Hann hefði annast daglegan rekstur félagsins og verið ábyrgðarmaður fyrir flugrekstrarleyfi þess. Ákærði kvað meðákærða hafa komið að rekstrinum sem eigandi og tekið ákvarðanir fyrir félagið sem slíkur. Hann kvaðst engin tengsl hafa haft við Birken Ltd. Ákærði kannaðist við að hafa, sem framkvæmdastjóri og prókúruhafi, undirritað skjöl varðandi sölu þyrlunnar en meðákærði hefði annast skjalagerðina.

Ákærði kvað Þyrluþjónustuna ehf. hafa verið í vandræðum með flugrekstrarleyfið fyrir þyrluna sem um er fjallað í ákærunni. Þess vegna hefði reksturinn á henni ekki gengið og því hefði verið ákveðið að selja þyrluna til Birken Ltd. Það hefði verið meðákærði Hermann sem hefði tekið þá ákvörðun. Á árinu 2009 hefði verið talið betra að hafa þyrluna í bresku félagi til að selja hana

eða reyna að koma henni í rekstur. Þetta hefði meðal annars stafað af bankahruninu 2008. Ákærði kvaðst hafa litið svo á að meðákærði gæti gefið sér fyrirmæli um að selja þyrluna enda hefði meðákærði verið eini hluthafinn í Þyrluþjónustunni ehf. Þá kvað hann Þyrluþjónustuna ehf. hafa leigt þyrluna af Birken Ltd. og hefði það verið hluti af þessum viðskiptum. Meðákærði hefði tekið ákvörðun um leiguna en ákærði hefði ekki gert það. Ákærði kvaðst hins vegar hafa undirritað skjöl varðandi leiguna. Hann kvað ætlunina hafa verið að önnur þyrila kæmi inn í Þyrluþjónustuna ehf. í stað þeirrar sem var seld og hefði átt að nota söluandvirðið til þess. Frá þessu hefði þó ekki verið gengið á formlegan hátt. Hann kvaðst ekki geta útskýrt þetta nánar en svona hefði þetta verið lagt upp við hann, eins og hann orðaði það.

Nánar spurður um leigusamninginn um þyrluna kvað ákærði hann hafa verið gerðan samhlíða sölusamningnum. Þetta hefði verið til þess að sýna fram á að kostnaður félli á Þyrluþjónustuna ehf. af aðgerðum Flugmálastjórnar og þess vegna getað verið rökstuðningur fyrir fjárkröfum á hendur henni. Hefði Þyrluþjónustan ehf. haft leyfi til að fljúga þyrlunni hefðu tekjur af þeirri starfsemi verið miklu hærri heldur en leigutekjurnar. Ákærða var bent á að Þyrluþjónustan ehf. hefði ekki getað notað þyrluna frá árslokum 2008 og kvað hann á þeim tíma ekki hafa verið vitað hversu lengi bannið myndi gilda og það hafi verið barist fyrir því að fá því aflétt. Þyrluþjónustan ehf. hefði greitt rekstrarkostnað þyrlunnar eftir gerð leigusamningsins og hefði meðákærði ákveðið að svo skyldi vera, enda hefði Birken Ltd. ekki getað greitt þann kostnað. Þyrluþjónustan ehf. váttryggði einnig þyrluna. Ákærði kvað Þyrluþjónustuna ehf. hafa haldið áfram að leigja þyrluna eftir að leigusamningurinn rann úr gildi og hefði það verið ákvörðun meðákærða að gera það. Hann kvaðst hafa litið svo á að hann sem framkvæmdastjóri hefði ekkert um það að segja. Ákærði kvað það ljóst að Þyrluþjónustan ehf. hefði haldið þyrlunni uppi allan þennan tíma en benti á að forráðamenn félagsins hefðu ekki getað vitað hversu lengi stöðvunin myndi vara. Ákærða var bent á að Þyrluþjónustan ehf. hefði haldið áfram að greiða leigu í fjóra mánuði eftir að þyrlan hafði verið afskráð hér á landi og kvað hann það hafa verið ákvörðun meðákærða sem hann hefði tekið með endurskoðanda félagsins. Loks kvað ákærði Þyrluþjónustuna ehf. hafa greitt fyrir flutning þyrlunnar til Kanada og hefði það verið að ósk meðákærða.

Ákærði kvað ástæðu þess að flugrekstrarleyfið vegna þyrlunnar hefði verið fellt úr gildi, vera þá að Flugmálastjórn taldi flugvélaverkstæðið ekki hafa fullgildan flugvirkja í starfi, það er flugvirkja er búsettur hefði verið á Íslandi. Ákærði kvaðst alltaf hafa búist við að bannið yrði fellt úr gildi og þess vegna hefði leigusamningurinn við Birken Ltd. verið eðlilegur.

Lögmaður, sem rak mál á hendur Þyrluþjónustunni ehf. fyrir banka, bar að stefnan hefði verið árituð enda um útivistarmál að ræða. Hann kvaðst hafa rætt við

ákærða Sigurð um fjárhagslega endurskipulagningu félagsins. Einnig hefði komið að viðræðunum þáverandi lögmaður félagsins. Lögmaðurinn kvað hafa komið fram á þessum fundi að höfðað hefði verið mál á hendur Flugmálastjórn vegna þess að hún hefði svipt flugvéla verkstæði leyfi til að vinna að viðhaldi tiltekinnar þyrlu. Þeirri ákvörðun hefði verið hnekkkt af ráðuneytinu og taldi Þyrluþjónustan ehf. sig eiga umtalsverða bótakröfu á hendur ríkissjóði vegna þessa. Niðurstaðan hefði orðið sú að í stað þess að ganga að Þyrluþjónustunni ehf., sem væntanlega hefði þýtt gjaldþrot félagsins, hefði verið ákveðið að láta meta eignirnar, sem aðallega voru þyrlan, og færa skuldina niður í fjárhæð sem samsvaraði verðmæti eignanna. Markmiðið hefði verið að halda félaginu gangandi til að geta haldið bótakröfunni á hendur ríkissjóði gangandi og var það niðurstaða fundarins. Skuldin hefði því verið sett í biðstöðu. Lögmaðurinn kvað það hafa verið skilyrði af hálfu bankans að ákærði Sigurður myndi eignast Þyrluþjónustuna ehf. enda hefði bankinn ekki haft áhuga á að vinna með öðrum að þessum málum.

Fyrrum eigandi Þyrluþjónustunnar ehf., sem var í stjórn félagsins í september 2009, kvað sér hafa verið kunnugt um að þyrlan var seld Birken Ltd. í nóvember það ár. Hann kvaðst hafa rætt við ákærðu báða um þessa sölu en ekki skrifað undir sölusamninginn. Hann kvað tilganginn með sölunni hafa verið að reyna að bjarga Þyrluþjónustunni ehf. og hefðu allir lagst á eitt, aðallega þó ákærðu báðir. Lykilatriði hefði verið að félagið ætti þyrluna vegna þess að hún var á flugrekstrarleyfi þess. Ætlunin hefði verið að Birken Ltd. myndi koma henni í verkefni og þyrlan yrði gerð út á flugrekstrarleyfi Þyrluþjónustunnar ehf.

Fyrrum starfsmaður sparissjóðs bar að Þyrluþjónustan ehf. hefði verið eitt af þeim félögum er hann hefði átt viðskipti við. Starfsmaðurinn kvaðst hafa rætt við ákærða Sigurð um málefni félagsins. Framangreindur lögmaður hefði einnig komið að málefnum félagsins. Starfsmaðurinn kvað mál á hendur Flugmálastjórn hafa borið á góma og hefði verið beðið um biðlund af hálfu sparissjóðsins þar til skorið hefði verið úr því máli. Þá kannaðist hann við að rætt hefði verið um að færa skuldir félagsins niður á móti eignum. Hann kvaðst ekki hafa rætt við ákærða Hermann um málefni félagsins.

IV

Ákærðu eru aðallega gefin að sök umboðssvik með því að hafa í sameiningu misnotað aðstöðu sína með því að láta Þyrluþjónustuna ehf. selja Birken Ltd. umrædda þyrlu sem svo leigði félaginu hana aftur eins og rakið var. Þegar þetta gerðist hafði þyrlan ekki heimild til loftferða og hafði það ekki meðan þyrlan var í leigu. Þyrlan nýttist því ekki félaginu sem greiddi þó af henni leigu, eins og rakið var.

Ákærði Hermann var eigandi beggja félaganna og ákærði Sigurður var framkvæmdastjóri Þyrluþjónustunnar ehf. Ákærði Sigurður var því í formlegri aðstöðu til að skuldbinda félagið eins og hann gerði. Þótt ákærði Hermann gegndi engri formlegri stöðu hjá félaginu verður engu að síður að líta til aðstöðu hans sem eiganda félagsins og að hann var jafnframt eigandi viðsemjandans sem hagnaðist á viðskiptunum eins og rakið hefur verið. Hér að framan var gerð grein fyrir því að þyrlan hafði ekki gilda heimild til loftferða þegar hún var seld Birken Ltd. sem svo leigði hana til Þyrluþjónustunnar ehf. Engu að síður greiddi síðarnefnda félagið leigu fyrir þyrluna eins og rakið var og það einnig eftir að hún hafði verið flutt úr landi. Það er því niðurstaða dómsins að fallast á með ákærvaldinu að ákærðu hafi báðir misnotað aðstöðu sína er þeir skuldbundu Þyrluþjónustuna ehf. eins og þeim er gefið að sök. Þessi ráðstöfun þeirra olli Þyrluþjónustunni ehf. fjártjóni með því að félagið greiddi leigu af þyrlu er það gat ekki nýtt til tekjuöflunar.

Samkvæmt framansögðu verður fallist á aðalkröfu ákærvaldsins og ákærðu sakfelldir fyrir umboðssvik. Brot þeirra er rétt fært til refsíákvæðis í ákærinni.

Ákærðu hefur ekki áður verið refsað og er refsing hvors þeirra hæfilega ákveðin 9 mánaða fangelsi en skilyrði þykja til að skilorðsbinda refsingarnar eins og í dómsorði greinir. Þá verða ákærðu dæmdir til að greiða málsvarnarlaun verjanda sinna sem eru ákvörðuð með virðisaukaskatti í dómsorði.

Arngrímur Ísberg héraðsdómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð :

Ákærðu, Hermann Eyjólfsson og Sigurður Pálmason, sæti, hvor um sig, fangelsi í 9 mánuði en fresta skal fullnustu refsinganna og falli þær niður að liðnum 2 árum frá deginum í dag að telja, haldi ákærðu almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði Hermann greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar G. Guðjónssonar hrl., 961.620 krónur.

Ákærði Sigurður greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Sigurjónssonar hrl., 961.620 krónur.

Arngrímur Ísberg

